



Akraneskaupstaður

ÚTHLUTUNARREGLUR ÚR MIÐLÆGUM TÆKJAKAUPASJÓÐI AKRANESKAUPSTAÐAR

Markmið með miðlægum tækjakaupasjóði Akraneskaupstaðar er að veita stofnunum kaupstaðarins tækifæri til að bæta tækjakost, hvort sem um er að ræða ný kaup, endurnýjun eða viðbætur.

1. Við fjárhagsáætlunargerð á hverju ári er ákveðin fjárhæð sett í miðlægan tækjakaupasjóð Akraneskaupstaðar sem stofnanir geta sótt um fjármagn í vegna tækjakaupa.
2. Bæjarstjóri Akraness hefur heimild til að afgreiða umsóknir frá stofnunum Akraneskaupstaðar fyrir upphæðir sem nema allt að kr. 500.000.
3. Óskir um framlag sem nemur hærra en kr. 500.000 verður vísað til afgreiðslu bæjarráðs Akraneskaupstaðar.
4. Umsóknir í tækjakaupasjóð skulu vera vel rökstuddar og ítarlegt kostnaðarmat fylgja með umsóknum.

Samþykkt í bæjarráði Akraness þann 26.11.2015

Samþykkt í bæjarstjórn Akraness þann xx.xx.2015

Akranesi, xx.xx. 2015


Regína Ásvaldsdóttir
bæjarstjóri

